

46

22. marz

## AUGLÝSING

um leiðréttingu á lyfsöluskrá II frá 1. júní 1956.

0 Gevral, Lederle, Caps. x 30 .....	L 61.90
0 — — — x 100 .....	149.95
0 Gevrine, Lederle, Caps. x 30 .....	R 73.90
0 — — — x 100 .....	177.35

Þessi sérlyf má ekki hækka, þótt önnur sérlyf, sem greind eru í nefndri lyf-  
söluskrá II verði hækkuð.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 22.marz 1957.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Baldur Möller.*

47

20. marz

## REGLUGERÐ

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

## 1. gr.

Sjóðstjórnin má gera það að skilyrði fyrir upptöku starfsmanna í flokki þeirra, sem greindir eru í 1.—2. tölulið 4. gr. laga nr. 64 1955, í tölu sjóðfélaga, að allir starfsmenn stofnunar þeirrar, sem starfsmaðurinn vinnur í, bæjar-, sýslu eða sveitarfélags sem eru 18 ára eða eldri og uppfylla skilyrði fyrir því að geta verið sjóðfélagar, gangi í sjóðfélagið.

## 2. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal kjósa einn mann í stjórn lífeyrissjóðsins í stað sjóðfélaga eða félagsskapar þeirra, sbr. 6. gr. laga nr. 64 1955.

## 3. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími, sem hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Starfstíminn þarf ekki að vera samfelldur.

Starfstími þeirra sjóðfélaga, sem keypt eru réttindi vegna starfa, er þeir hafa haft með höndum áður en þeir gerðust sjóðfélagar, ákvarðast með tilliti til þess.

## 4. gr.

Á meðan ákveðið er, að ríkissjóður greiði uppbætur á lífeyri, skal lífeyrir sjóðfélaga ákveðinn þannig, að fundin eru í gildandi launalögum grunnlaun þeirra launaflokka, sem sjóðfélaginn hefur verið í síðustu 10 starfsár hans. Af meðaltali þeirra grunnlauna skal taka jafn marga hundraðshluta og starfstími sjóðfélagans gefur tilefni til samkvæmt lögum nr. 64/1955, og telst það grunnlífeyrir sjóðfélagans. Á grunnlífeyrinn skal síðan greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greitt er á laun opinberra starfsmanna, sem laun taka eftir launalögum.

Pegar í hlut á sjóðfélagi, sem ekki hefur tekið laun samkvæmt hinum almennu launalögum, skal fyrst finna til hvaða launaflokka laun þau hafa svarað, sem hann hefur tekið síðustu 10 starfsárin. Út frá þeim er svo lífeyrir hans fundinn samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

Ríkissjóður eða hlutaðeigandi launagreiðandi endurgreiða lífeyrissjóðnum það, 47  
sem lífeyrir greiddur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar verður hærri en lög sjóðs- 20. marz  
ins ákveða.

## 5. gr.

Þeir aðilar, sem innheimta iðgjöld í umboði Tryggingastofnunarinnar skulu senda henni reikningsyfirlit yfir innheimt iðgjöld ár hvert fyrir 31. jan. næsta ár. Iðgjöld launþega og launagreiðanda skulu greidd til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun þeirra launa, sem þau eru reiknuð af.

## 6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu lífeyris. Heimilt er henni þó að semja við einstaka launaafgreiðsluaðila um greiðslu lífeyris í umboði hennar. Árslífeyri skal greiða með  $\frac{1}{2}$  mánaðarlega fyrir fram, nema þeir, sem lífeyris njóta, óski færri gjalddaga.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64 2. sept. 1955 og lögum nr. 111 27. des. 1954, sbr. lög nr. 78 17. des. 1955, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, dagsett 24. nóv. 1944.

*Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

Sigtr. Klemenzson.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 101 19. maí 1943, um orlof.

48

26. marz

## 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Orlofsfé skal standa á heilum krónum þannig, að 50 aurar telst heil króna, en minni upphæð sleppt.

Gerð orlofsmerkja skal vera þessi: Stærð  $20.5 \times 24.5$  millimetrar, ofan til inn á milli tveggja hringa standi orðið: ORLOF og neðan til orðið: KRÓNUR, en á miðju merkinu innan hringanna standi gildi hvers merkis í tölustöfum. Merkinu skulu gefin út í 5 mismunandi verðgildum: 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur og 50 krónur. Litur merkjanna er ákveðinn af póst- og símamálastjórninni.

## 2. gr.

5. gr. orðist svo:

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. september.

Frá ákvæðum 1. mgr. eru gerðar eftirfarandi undantekningar:

- Orlofi starfsmanna við sveitastörf skal skipta þannig, að  $\frac{1}{3}$  hluti orlofsins sé veittur á tímabilinu 1. til 15. júní, en  $\frac{2}{3}$  hlutar orlofsins séu veittir á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember.
- Orlof starfsmanna við sildveiðar og sildarverksmiðjur skal veitt á tímabilinu frá 1. október til 1. júní.
- Starfsmönnum, sem stunda vinnu fjarri heimilum sínum, skal ekki veitt orlof meðan þeir stunda slíka vinnu.